

# Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 12. júní 2020

Mál nr. E-787/2019:

**Pétur Þór Sigurðsson**

og

**Jónína Bjartmarz**

(Einar Gautur Steingrímsson lögmaður)

gegn

**ÁP-verki ehf.**

(Jón Auðunn Jónsson lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var þann 20. maí 2020, er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjaness með stefnu birtri þann 24. júní 2019.

Stefnendur eru Pétur Þór Sigurðsson, kt. 000000-0000, Bretlandi, og Jónína Bjartmarz, kt. 000000-0000, Haukanesi 12, Garðabæ.

Stefndi er ÁP-verk ehf., kt. 000000-0000, Erluási 66, Hafnarfirði.

Í endanlegri kröfugerð krefjast stefnendur þess að stefndi greiði stefnendum sameiginlega 4.531.770 krónur, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 1. apríl 2019 til 24. júlí 2019, og dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 721.754 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, að teknu tilliti til framlagðs málskostnaðaryfirlits.

Stefndi krefst þess aðallega að verða sýknaður af öllum kröfum stefnenda en til vara er þess krafist að stefnufjárhæðin verði verulega lækkuð. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu.

### Málsatvik:

Með tölvupósti, dags. 12. desember 2017, sem Atli Jóhann Guðbjörnsson byggingarfræðingur sendi til fyrirsvarsmanns stefnda, var þess óskað að fá „tölu frá þér í glugga- og hurðaskipti og förgun“ vegna fasteignar stefnenda að Haukanesi 12 í Garðabæ. Með ódagsettu tilboði setti stefndi fram: „Tilboð setja í glugga og hurðir“. Heildarverð tilboðs nam 5.253.500 krónum með virðisaukaskatti. Í tilboðinu er sundurliðaður kostnaður við rif og förgun á gluggum og hurðum, og kostnaður við

uppsetningu þeirra. Nam vinnuliður samtals 4.848.500 krónum þar sem tilgreint er ákveðið fermetraverð við ísetningu glugga, en fast verð við ísetningu 6 hurða og 2 bílskúrshurða. Efniskostnaður er sundurliðaður 405.000 krónur, „Ullartroð + pulsa og kitti“, 225.000 krónur, og Adufix ca. 750 stk., (Adjofix), 180.000 krónur, sem er sérstök tegund festinga fyrir þá glugga sem til stóð að setja upp.

Stefnendur munu hafa leitað eftir fleiri tilboðum og fengið þrjú tilboð en tilboð stefnda hafi verið hagstæðast, og stefndi fengið góð meðmæli frá seljendum glugganna. Verkfundur var haldinn þann 18. janúar 2018, og í fundargerð Atla Jóhanns kemur fram að mættir hafi verið, auk hans, stefnandi Jónína og Ársæll, fyrirsvarsmaður stefnda, og að gengið hafi verið frá samningi við stefnda um glugga og hurðaskipti með handabandi.

Ekki er ágreiningur um það að stefnandi Pétur Þór hafi komið til Ársæls og óskað eftir því að fundin yrði önnur leið til að festa glugga og hurðir, þar sem Adufix festingar hafi gert ráð fyrir því að borað yrði í gegnum karminn, sem stefnendur hafi alls ekki viljað. Ársæll hafi þá gert tillögu að festingum með því að setja gataplötur á bakhlið gluggakarma, sem festar yrðu með steinskrúfum í múr. Síðan yrðu þeir þéttaðir og festir með úretanfrauði og að lokum kíttað að utanverðu. Hafi Ársæll stillt upp einum glugga með þessum hætti og borið undir stefnanda Pétur Þór og Atla Jóhann, og samkomulag orðið um að gluggar og hurðar hússins yrðu festar með þeim hætti.

Undir lok verksins virðist hafa komið upp einhver ágreiningur sem hafi snúið að innanverðum frágangi glugga, svo sem múrun. Hafi þá ekki frekari vinna farið fram, en stefndi síðar boðist til að lagfæra kítta.

Stefnendur fengu Erling Magnússon, lögfræðing og húsasmíðameistara, til þess að taka út verk stefnda eftir að því lauk. Í málinu liggur fyrir skoðunarskýrsla hans, dags. 24. nóvember 2018, þar sem hann reiknar kostnað við úrbætur 3.600.000 krónur.

Með beiðni, dags. 8. janúar 2019 til Héraðsdóms Reykjaness, fóru stefnendur fram á það að dómkvaddur yrði einn hæfur og óvilhallur matsmaður til að meta verk stefnda. Á dómþingi þann 21. janúar 2019 var dómkvaddur til verksins Þórður Árnason húsasmíðameistari. Í matsgerð hans, dags. 26. mars 2019, var kostnaður við úrbætur metinn 5.562.000 krónur.

Fyrir upphaf aðalmeðferðar var farið í vettvangsskoðun. Aðilaskýrslur fyrir dómi gáfu stefnandi Pétur Þór Sigurðsson og fyrirsvarsmaður stefnda Ársæll Þorleifsson. Vitnaskýrslu gaf Þórður Árnason, húsasmíðameistari og matsmaður, og Gunnar Þórólfsson, húsasmíðameistari stefnda.

Málsástæður og lagarök stefnenda:

Stefnendur byggja á því að verk stefnda sé gallað og að hann hafi ekki efnt samningsskyldur sínar, hvort sem þær verði leiddar beint af samningum rétt skýrðum lagareglum s.s. lögum nr. 42/2000 um þjónustukaup. Í því felist að verkið hafi ekki verið faglega vel unnið, og ekki af mönnum sem voru fyllilega til þess hæfir og ekki í samræmi við þær kröfur sem megi gera m.t.t. almennrar þekkingar, góðra venja og reglna.

Byggt er á því að stefndi hafi ekki efnt þær skyldur sem hann hafi tekið að sér með samningi. Með samningi aðila hafi stefndi tekið að sér að vinna verkið af alúð, fagmannlega og m.v. góðar venjur á viðkomandi sviði. Matsgerð sanni að þessar skyldur hafi stefndi ekki efnt. Sömuleiðis hafi hann ekki efnt skyldur sem lög nr. 42/2000 leggi honum á herðar, og sé í því sambandi vísað til 1. mgr. 4. gr. laganna. Stefndi beri ábyrgð á því að með verkinu náist sá árangur sem stefnt hafi verið að, þ.e. að stefnendur fái glugga sem uppfylli allar reglur og fullnægi réttmætum gæðakröfum, og sé um þetta vísað til 9. gr. laga nr. 42/2000, einkum 1. tl. 1. mgr. og 5. tl. 4. gr.

Stefnendur byggja á því að það beri að virða stefnda til sakar að hafa ekki, af ásetningi eða gáleysi, unnið verkið þannig að það reyndist fullnægjandi. Ekki sé neinum öðrum orsökum til að dreifa fyrir því sem áfátt sé. Um þetta sé vísað til þess að innan samninga gildi almenna skaðabótareglan eða reglna sambærileg henni og efnislega sú sama.

Stefnendur byggja á því að samkvæmt 15. gr. laga nr. 42/2000 eigi stefnendur rétt á því að fá allt tjón sitt bætt, sbr. 5. tl. 9. gr. laganna. Verði stefndi að sýna fram á að gallinn verði ekki rakinn til vanrækslu hans. Á því sé byggt að um sé að ræða sakarlíkindaregluna. Að auki myndu almennar reglur einkamálaréttarfarsins leiða til þess að sönnunarbyrðin væri á herðum stefnda. Þessu til viðbótar sé byggt á því að stefndi hafi vanefnt samning sinn samkvæmt framansögðu, og eigi stefnendur því rétt til efndabóta.

Að öllu framangreindu frágengnu sé á því byggt að stefndi beri ábyrgð samkvæmt almennu skaðabótareglunni, á því að hafa af ásetningi eða gáleysi unni verkið þannig að það kosti miklar fjárhæðir að bæta úr, sem stefnda hafi með vísan til 11. gr. laga nr. 42/2000 borið að gera.

Aðild stefnenda byggist á því að þau séu bæði eigendur hússins og komi sameiginlega fram gagnvart stefnda.

Vaxtakrafan miðast við að greiddir séu skaðabótavextir frá því að matsgerð lá fyrir. Miðað sé við, stefnda í hag, 1. apríl 2019, en þegar mánuður sé liðinn frá birtingu stefnu, beri að greiða dráttarvexti, sbr. 15. gr. laga nr. 38/2001.

Krafa stefnenda sundurliðast í stefnu sem kostnaður samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerð, 5.562.000 krónur að frádregnum liðum 5 og 6 sem lækki kröfuna um 126.000 krónur. Þá sé gert ráð fyrir mögulegri endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu á verkstað, 504.731 krónu, og því sem ógreitt sé af tilboðsfjárhæð, 399.499 krónum. Krafa um málskostnað styðst við XXI. kafla laga nr. 91/1991, einkum 129. gr. og 130. gr., og sé þess óskað að tekið verði tillit til þess að stefnendur séu ekki virðisaukaskattsskyldir, og því þurfi aðfararhæfan dóm fyrir þeim skatti.

#### Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir aðallega á því að matsgerð hins dómkvadda matsmanns og niðurstöður hans verði ekki lagðar til grundvallar kröfugerð á hendur honum. Matsmaður einfaldlega gefi sér forsendur og lýsi í matsgerð sinni verki sem eigi ekkert skylt við það verk sem stefndi bauðst til að vinna fyrir stefnendur, enda væri það tvöfalt dýrara í framkvæmd.

Stefndi bendir á að í tilboði hans sé gert ráð fyrir ákveðnum fjölda festinga. Þótt breytt hafi verið um tegund festinga að beiðni stefnenda séu þær jafn margar og lofað hafi verið í tilboðinu. Stefndi hafi ekki tekið að sér hönnun verksins og hafi ekki verið beðinn um að rannsaka sérstaklega vindálag á glugga á þessum stað. Hann hafi lagt til grundvallar þann fjölda festinga og staðsetningu þeirra sem reynsla hans og þekking hafi kennt honum að sé fullnægjandi og traust við íslenskar aðstæður, og fram hafi komið á gluggum frá framleiðanda. Hafi stefndi unnið verkið undir eftirliti byggingarfræðings á vegum stefnenda, sem hafi engar athugasemdir gert, hvorki á tilboðsstigi né á meðan á framkvæmdum stóð.

Stefndi bendir á að í tilboði hans sé hvergi vikið að kostnaði við steinsögun eða múrverk. Af því megi ráða að tilboðið sé ekki um það verk sem matsmaðurinn sé að lýsa, og sé nauðsynlegt að vinna verkið til að geta staðið að þéttingum eins og hann geri tillögu um. Enn og aftur hafi þetta ekki gefið tilefni til neinna athugasemda af hálfu stefnenda eða eftirlitsmannsins. Því blasi við að við tilboðsgerðina hafi ekki verið miðað við þéttingu meðfram gluggum að innanverðu, heldur hafi verið lagt til grundvallar að múrað yrði að gluggunum eftir ísetningu þeirra, og að það væri fullnægjandi. Þessi aðferð og

Þetta verklag hafi verið samþykkt af eftirlitsmanninum og stefnendum þegar þau tóku tilboði stefnda. Stefnendur hafi einnig samþykkt þessa útfærslu og verklag þegar stefndi hafi sett upp einn glugga eftir að stefnendur höfðu óskað eftir öðruvísi festingum. Byggingarfræðingurinn, sem hafi séð um eftirlit fyrir stefnendur, hafi líka samþykkt þetta og staðfesti þar með að hann teldi festingar og þéttingar glugganna fullnægjandi. Þótt stefnendur hafi skipt um skoðun núna og óski eftir því verki sem matsmaður lýsi í sinni matsgerð, þá geti það ekki verið á kostnað stefnda. Stefndi hafi unnið það verk sem hann hafi lofað að gera, og með þeim hætti sem hann lofaði.

Stefndi telur meginatriði þessa máls að stefnendur eigi enga kröfu á hendur stefnda, af þeirri einföldu ástæðu að það liggi ekkert tjón fyrir. Það hafi ekki verið sýnt fram á að gluggarnir haldi hvorki vatni né vindi. Þeir hafi haldið ágætlega þar til stefnendur hafi látið taka þá úr og setja þá aftur í með öðrum aðferðum. Þeir hafi ekki verið lausir og hafi ekki lekið. Þótt matsmaður telji að aðferð sú sem stefndi notaði sé líklegri til að gefa sig á einhverju árabili, heldur en sú sem hann mæli með, þá hafi slíkt tjón ekki verið staðfest og muni ekki verða, þar sem búið sé að vinna allt verkið upp með öðrum aðferðum. Það sé bótakrefjanda að sanna að tjón hafi orðið og fjárhæð þess. Sönnun tjóns liggi ekki fyrir þar sem enginn galli hafi komið fram á verki stefnda.

Stefndi mótmælir einstökum tölulíðum matsgerðarinnar einnig. Þannig geri matsmaður ráð fyrir því að kostnaðurinn við að hreinsa burt kítti og einangrun, og endurnýja það, kosti meira en öll ísetning glugganna átti að kosta samkvæmt tilboðinu. Þetta gangi ekki upp. Þá eigi að bætast við kostnaður upp á 1.204.000 krónur eingöngu við fjölgun festinga. Hér sé greinilega um allt annað verðlag og verk að ræða en samningur aðila hafi fjallað um. Matslið þeim sem snýr að steinsögun og múrverki að fjárhæð 1.081.000 krónur sé alfarið hafnað, enda hafi stefndi ekki tekið neitt slíkt verk að sér. Þá sé áfella yfir kíttun á rennihurðakarm óviðkomandi stefnda, enda blikksmíðavinna og hvergi vikið að slíku í tilboði hans.

Varakrafa stefnda byggist á sömu rökum og sjónarmiðum sem rakin hafa verið hér að framan að breyttu breytanda.

Stefndi vísar til ákvæða samnings aðila, sem stofnaðist við samþykki tilboðs hans og sjónarmiða um réttar efndir slíkra samninga. Þá sé vísað til reglna skaðabótaréttarins, bæði innan og utan samninga, einkum um sönnun tjóns og tjónsfjárhæðar, sönnun saka o. fl. Um málskostnaðarkröfu er vísað til 1. tl. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Forsendur og niðurstaða:

Óumdeilt er að samið var munnlega við stefnda um ísetningu glugga og hurða í samræmi við beiðni stefnenda og tilboð stefnda. Ekki er ágreiningur um að lög nr. 42/2000 um þjónustukaup taki til þess sammings. Tilboðið gerði ráð fyrir tiltekinni tegund festinga, eða svokölluðum Adjofix, og ca fjölda þeirra. Óumdeilt að stefnendur hafi síðar óskað eftir því að stefndi myndi aðra leið til að festa glugga og hurðir, vegna fagurfræðilegra sjónarmiða. Hafi stefndi þá gert tillögu að festingum með gataplötum sem festar væru í bakhlið gluggastykkis og síðan með múrboltum í stein, sem hann hafi talið fullnægjandi. Var fallist á þann frágang af hálfu stefnenda og verkinu lokið með þeim hætti án athugasemda á verktíma af hálfu stefnenda.

Atli Jóhann Guðbjörnsson byggingarfræðingur bar að hann hafi ekki verið ráðgjafi að því verki sem hér er til umfjöllunar, og stefnandi Pétur Þór bar að Atli hafi ekki verið eftirlitsaðili fyrir hans hönd. Ljóst þykir að á þeim tíma sem verkið var unnið var ekki starfandi byggingarstjóri og að stefnandi Pétur Þór hafi að mestu verið erlendis. Atli bar að hafa séð um teikningar til byggingarnefndar um breytingu hússins. Þá verður af gögnum málsins séð að hann hafi mælt magn þeirra glugga og hurða sem útboðslýsing hans tók til, og leitað eftir tilboðum, m.a. með tölvupósti til stefnda. Hann hafi ásamt stefnanda Pétri Þór skoðað tilboð stefnda, og haldið verkfund þar sem samið var um verkið við stefnda. Þá hafi Atli verið í frekari samskiptum við stefnda um málsetningar og verið viðstaddur ásamt Pétri Þór þegar stefndi kynnti þá útfærslu á festingum sem stefndi lagði til og ekki gert neinar athugasemdir um þær festingar, enda taldi hann fjölda þeirra fullnægjandi. Ekki hafi verið gerð nein sérstök krafa af hans hálfu vegna vindálags eða að frágangur festinga skyldi vera í samræmi við svonefnt Rb-blað. Eftir þetta tímamark verður ráðið að nær öll samskipti um framgang verksins hafi verið á milli stefnda og Atla. Með vísan til framangreinds mátti stefndi að mati dómsins gera ráð fyrir því að Atli Jóhann væri faglegur ráðgjafi og eftirlitsaðili stefnenda við verkið.

Í fyrirbyggjandi matsgerð Þórðar Árnasonar húsasmíðameistara var einkum komist að þeirri niðurstöðu að ísetning glugga og hurða hafi ekki verið fullnægjandi, þar sem ekki hafi verið fylgt kröfum skv. Rb-blaði Rannsóknastofu byggingariðnaðarins, og að gluggar myndu ekki standast vindálag. Matsmaður fékk tækniþjónustu Bjarna Árnasonar ehf. til þess að reikna út vindálag á glugga hússins. Í niðurstöðu þess mats er reiknað út vindálag fyrir sjö glugga hússins að gefnum þeim forsendum að leyfilegt álag á hverja af þeim festingum sem stefndi hefði sett upp væri 2,0 kN (kílóNewton). Með

þeim hætti var sem dæmi reiknað út að vindálag glugga „G1“ væri 3,13 kN/fermetra x 1,74 x 1,76 eða samtals 9,6 kN. Fjöldi festinga á þann glugga þyrfti því að vera 9,6/2,0 eða fimm festingar. Vegna vindálags lagði matsmaður til að bæta við 236 festingum, til viðbótar þeim festingum sem stefndi hefði sett í.

Stefndi bar að hafa fylgt í öllu leiðbeiningum sem fylgdu hverjum glugga frá framleiðanda um fjölda festinga, og bætt um betur með því að setja fleiri. Í matsgerðinni er haft eftir stefnda að sett hafi verið ein festing við horn hvers glugga á undir- og yfirstykki og síðan með 60 cm millibili, og þá hafi verið sett ein festing á miðju hæðarstykki. Ekki er annað komið fram í málinu en að fjöldi festinga hafi verið í samræmi við það sem stefndi bar að hafa sett upp. Samkvæmt því voru allt að átta festingar settar á glugga „G1“, sem er nokkuð yfir þeim lágmarksfjölda festinga sem til þurfti vegna vindálags samkvæmt útreikningum Bjarna Árnasonar ehf. Þol festinga á glugga „G1“ er því samkvæmt sömu forsendum 16 kN, en álagið er 9,6 kN. Matsgerðin stenst því ekki að þessu leyti, og fæst ekki séð að nein þörf hafi verið á tilgreindum viðbótarvinklum.

Í matsgerð kemur einnig fram að verk stefnda hafi ekki verið í samræmi við leiðbeiningar Rb-blaðs. Af gögnum málsins, og framburði aðila og vitnis fyrir dómi, þykir ekkert fram komið um að verkið hafi átt að vinna í samræmi við leiðbeiningar Rb-blaðs. Stefndi byggir á því að allur frágangur sem var viðhafður hafi verið fullnægjandi, og að forsendur væru verulega breyttar frá útgáfu Rb-blaðsins, svo sem varðandi þau efni sem eru notuð í dag. Er á það fallist með stefnda að aðferðir við ísetningar glugga hafi breyst frá útgáfu Rb-blaðsins, og sé nú algengt að framkvæma ísetningar glugga með þeim hætti sem stefndi lýsti, með því að ganga frá þéttingu að utanverðu og fylla síðan með póliúretanfraudi milli karms og veggjar. Megi líta á þann frágang sem tveggja þrepa þéttingu, eins og talið sé æskilegt, þ.e. að frauðið dragi úr þrýstingsmun yfir kíttrið.

Að öðru leyti telst ekkert það fram komið í málinu um að eitthvað hafi verið að frágangi þeirra glugga og hurða sem stefndi setti í, svo sem að með þeim hafi lekið eða los verið til staðar, og upplýst er að stefndi bauðst til að laga kíttun sem mögulega var ábótavant. Stefnendur hafa nú látið framkvæma endurbætur á festingum og frágangi gluggi og hurða, þannig að frágangur á verki stefnda verður ekki sannreynður síðar.

Með vísan til framangreinds telst ósannað í málinu að einhver galli hafi verið á verkinu með vísan til laga nr. 42/2000 um þjónustukaup, og verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnenda.

Eftir framangreindum málsúrslitum og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefnendum gert að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilegur að mati dómsins, að meðtöldum virðisaukaskatti, 744.000 krónur.

Bogi Hjálmtýsson héraðsdómari, sem dómsformaður, Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari og Hjalti Sigmundsson byggingartæknifræðingur kveða upp dóm þennan.

**Dómsorð:**

Stefndi, ÁP verk ehf., er sýkn af kröfu stefnenda, Péturs Þórs Sigurðssonar og Jónínu Bjartmars.

Stefnendur greiði stefnda 744.000 krónur í málskostnað.

Bogi Hjálmtýsson

Sandra Baldvinsdóttir

Hjalti Sigmundsson